

## Ú R S K U R Ð U R

Mál þetta, sem höfðað var með stefnu birtri 17., 18. og 23. janúar 2012 var tekið til úrskurðar um frávísun 13. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi. Stefnandi er LBI hf., áður Landsbanki Íslands hf., Austurstræti 16, Reykjavík. Stefnu eru Sigurjón Þ. Árnason, Granaskjólí 28, Reykjavík, Halldór J. Kristjánsson, sagður óstaðsettur í hús í Kanada, Kjartan Gunnarsson, Starhaga 4, Reykjavík, Andri Sveinsson, sagður óstaðsettur í hús í Englandi, Þorgeir Baldursson, Stórahjalla 5, Kópavogi, Svafa Grönfeldt, sögð óstaðsett í hús í Bandaríkjunum og Jón Þorsteinn Oddleifsson, Krossakri 6, Garðabæ. Þá er stefnt Brit Insurance Ltd., 55 Bishopsgate, London, Stóra-Bretlandi og 24 öðrum nafngreindum váttryggjendum með lögheimili í Bretlandi og Þýskalandi.

Í þessum þætti málsins gera stefndu Andri, Kjartan og Þorgeir þá kröfu að málinu verði vísað frá dómi og þeim úrskurðaður málskostnaður.

Stefnandi krefst þess að kröfu um frávísun verði hafnað og stefndu Andri, Kjartan og Þorgeir verði úrskurðaðir til greiðslu málskostnaðar.

Af hálfu annarra stefndu liggur enn fremur fyrir krafa um málskostnað og var sú krafa áréttuð af stefnda Brit Insurance Ltd. o.fl. við munnlegan flutning málsins.

### *Yfirlit yfir efnishlið málsins*

Í máli þessu gerir stefnandi, sem áður bar heitið Landsbanki Íslands hf. og sætir nú slitum samkvæmt reglum XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, kröfu um skaðabætur gegn tveimur fyrrverandi bankastjórum bankans, þ.e. stefndu Kristjáni og Sigurjóni, og fjórum af fimm bankaráðsmönnum, þ.e. stefndu Andra, Kjartani, Svöfu og Þorgeiri, vegna tiltekinna ráðstafana bankans degi fyrir fall hans eða 6. október 2008. Einn bankaráðsmaður, Björgólfur Guðmundsson, er ekki sóttur til greiðslu bóta í málinu með vísan til þess að hann sé ógjaldfær og málsókn því tilgangslaus. Einnig er stefnt forstöðumanni fjárstýringar bankans, stefnda Jóni Þorsteini, vegna einnar ráðstöfunar sem málið varðar og nánar greinir síðar. Þá er Brit Insurance Ltd. og 24 öðrum nafngreindum váttryggjendum stefnt á grundvelli váttryggingasamnings um ábyrgðartryggingar fyrir stjórnarmenn og stjórnendur bankans.

Kröfur stefnanda byggjast á því að hinir stefndu stjórnendur beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna ráðstafana sem gerðar voru á vegum bankans 6. október 2008 þegar fyrir lá að bankinn var ógjaldfær, en þetta hafi verið síðasti starfsdagur bankans áður en Fjármálaeftirlitið tók hann yfir og skipaði honum skilanefnd. Þær ráðstafanir sem hér er um að ræða skiptast í þrjá hluta sem hér segir:

1. Kaup á kröfum af Landsvaka hf. fyrir samtals 19.980.925.818 krónur: Í stefnu segir að þrátt fyrir lokun fyrir viðskipti í sjóðum Landsvaka hf., þá dótturfélagi stefnanda, hafi átt sér stað umtalsverð viðskipti milli bankans og verðbréfsjóða í umsjón Landsvaka hf. umræddan dag þar sem bankinn hafi keypt skuldabréfakröfur á yfirverði og orðið fyrir tjóni af þeim sökum. Ráðstafanirnar eru taldar upp í 14 liðum í stefnu og eru taldar hafa numið 16.879.746.580 krónum, 11.718.856 bandaríkjadöllum og 11.292.410 evrum. Því er lýst í stefnu hvernig ráðstöfun umræddra krafna var háttáð. Var í sumum tilvikum um að ræða sölu stefnanda á kröfum til þriðja aðila en í öðrum tilvikum voru kröfur færðar yfir til nýja Landsbankans hf. í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Miðar stefnandi tjón sitt við mismun söluandvirðis, eða þess verðs sem ákvörðun Fjármálaeftirlitsins byggðist á, og kaupverðs bréfanna 6. október 2008. Í enn öðrum tilvikum miðar stefnandi tjón sitt við áætlaðar endurheimtur krafna sem lýst hefur verið í þrotabú annarra fyrirtækja á grundvelli hinna keyptu bréfa. Samkvæmt þessu er heildartjón stefnanda vegna kaupa á skuldabréfum af Landsvaka hf. talið nema 14.116.395.373 krónum, 10.546.970 sterlingspundum og 10.840.714 evrum.

2. Útborgun reikningsláanalínu til Straums fjárfestingarbanka hf. (Straums) að fjárhæð 7,2 milljarðar króna: Í stefnu er greint frá því að stefnandi hafi veitt Straumi svokallaða reikningsláanalínu með samningi 30. janúar 2007 að fjárhæð 7,2 milljarðar króna. Ekki hafi verið óskað eftir láni samkvæmt samningnum fyrr en með tölvupósti kl. 15:57 hinn 6. október 2008 eða skömmu fyrir ávarp forsætisráðherra um yfirvofandi hrún bankakerfisins. Samkvæmt ákvæði 4.1 í lánasamningnum hafi ádráttarbeiðni þurft að berast fyrir kl. 13:30 til þess að útgreiðsla gæti átt sér stað sama dag. Þrátt fyrir þetta og þær aðstæður sem hafi verið uppi hafi téð fjárhæð verið greidd frá bankanum til Straums kl. 18:38 þennan sama dag samkvæmt fyrirmælum stefnda Jóns Þorsteins. Í stefnu er greint frá því að þetta hafi verið gert þótt greiðslukerfi fyrir stórar greiðslur samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands hafi verið lokað og því þurft sérstök fyrirmæli Seðlabankans til að greiðslan gæti farið fram. Í stefnu kemur fram að stefnandi hafi selt kröfu sína gegn Straumi, sem síðar hafi verið tekin til slita, og fengið um 39,2% af fjárhæð kröfunnar greiddar. Er tjón stefnanda fyrir þennan lið miðað við það hlutfall eða 4.377.600.000 krónur auk vaxta og kostnaðar.

-

3. Uppgjör á viðskiptum við MP banka hf. að fjárhæð 7.518.710.126 kr.: Í stefnu er ítarlega lýst kaupum MP banka hf. á skuldabréfum að jafnvirði 10 milljarða króna og, útgefnum af stefnanda, til nota í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Íslands. Í samningnum hafi m.a. verið tilgreind sú forsenda að ekki kæmi til breytinga á viðskiptakjörum í endurhverfum viðskiptum Seðlabanka Íslands og kaupanda væri heimilt að skila skuldabréfunum ef forsendur brystu. Nýjar reglur Seðlabanka Íslands um endurhverf viðskipti hafi tekið gildi 25. ágúst 2008, en með reglunum hafi leyfilegt hlutfall verðbréfa fjármálastofnana í slíkum viðskiptum átt að lækka um 10% á hverjum mánuði þar til hlutfallið væri komið í 50% hinn 1. janúar 2009. Þá er í stefnu gerð grein fyrir atvikum upp úr hádegi 6. október 2008 þegar MP banki hf. lýsti yfir riftun samningsins. Kemur þar fram að afstöðu MP banka hf. hafi fyrst verið hafnað en síðar um daginn hafi erindi MP banka verið

samþykkt og fallist á að forsendur sammingsins væru brostnar. Beiðni um greiðslu inn á reikning MP banka hf. hafi svo fyrst verið móttækin í Seðlabanka Íslands þegar búið var að loka stórgreiðslukerfi bankans og hafi hún verið afgreidd þar samkvæmt sérstökum beiðnum starfsmanna stefnanda. Skuldabréfin hafi verið í umráðum Seðlabankans þegar greiðslurnar fóru fram og hafi þau ekki verið afhent stefnanda fyrr en tveimur dögum síðar andstætt því sem fram hafi komið í yfirlýsingu MP banka hf. Stefnandi hafi lýst yfir riftun á þessum greiðslum 31. maí 2010, aðallega á þeim grundvelli að greidd hafi verið upp skuldabréf fyrr en eðlilegt var sbr. 134. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991, en hafi fallið frá málsókn þar sem talið hafi verið að MP banki hf. myndi ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til þess að greiða nema hluta af kröfunni. Hinn 8. júlí 2010 hafi aðilar gert með sér samkomulag um að MP banki hf. greiddi stefnanda 750.000.000 króna til uppgjors á kröfunni. Miðar stefnandi tjón sitt við mismun þessarar fjárhæðar og þeirrar fjárhæðar sem innt var af hendi til MP banka hf., þ.e. 6.768.710.126 krónur. Telur stefnandi ljóst með hliðsjón af síðari atvikum að umrætt uppgjör hafi tryggt stefnanda eins háar endurheimtur og framast var unnt.

Kröfur gegn váttryggjendum: Svo sem áður greinir byggjast kröfur gegn Brit Insurance Ltd. o.fl. á ábyrgðartryggingu sem keypt var fyrir stjórnendur og starfsmenn stefnanda. Grundvallast fjárhæð þeirra krafna, sem gerðar eru hlutfallslega gegn sérhverjum gagnaðila váttryggingarsammingsins, á tiltekinni skiptingu sammingsins sem nánar greinir í samningnum sjálfum. Í stefnu er þó jafnframt greint frá því að á „bakvið váttryggjendur sem séu tilgreindir sem „Syndicate“ sé hópur váttryggjenda sem koma fram sameiginlega undir nöfnum hópanna“. Segir í stefnu að við nöfn stefndu sé að finna tilvísun í þann hóp sem stefndu tilheyrir. Jafnframt beri samkvæmt samningi að tæma greiðslur úr frumtryggingu áður en komi til greiðslu úr fyrstu viðbótartryggingu og greiðsla úr annarri viðbótartryggingu komi ekki til fyrr en greiðsluskylda samkvæmt frumtryggingu og fyrstu viðbótartryggingu sé tæmd. Ekki er ástæða til að rekja samskipti stefnanda málsins við umrædda váttryggjendur á þessu stigi málsins.

Málatilbúnaður stefnanda byggir í meginatriðum á því að hinir stefndu stjórnendur hafi bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda með athöfnum og/eða athafnaleysi sem leiddi til þess að áðurgreindir fjármunir voru greiddir út úr bankanum. Vísar stefnandi til þess að frá a.m.k. 29. september 2008 hafi þeir vitað að stefnandi ætti í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum og frá 3. október þess árs vitað eða mátt vita að stefnandi gat ekki staðið við skuldbindingar sínar. Við þessar aðstæður hafi þeim borið skylda til að grípa til sérstakra ráðstafana til þess að tryggja að gætt yrði hagsmuna lánardrottna bankans, nánar tiltekið að gefa út fyrirmæli um að óheimilt væri að ráðstafa fjármunum bankans til að greiða stórar kröfur, hvort sem þær voru skuldbindandi fyrir bankann eða ekki, og banna að fjármunum bankans yrði ráðstafað til að kaupa skuldabréfakröfur úr sjóðum dótturfélags á yfirverði. Þá er einnig byggt á því að hinum stefndu stjórnendum, þ. á m. stefnda Jóni Þorsteini, hafi verið óheimilt að gefa fyrirmæli um eða samþykkja að umrædd viðskipti ættu sér stað, hvort sem það hafi verið með beinum orðum eða þegjandi samþykki, meðal annars greiðslu fjármuna til MP banka hf. sem gerð var eftir ávarp forsætisráðherra og eftir að bankanum hafði verið lokað 6. október 2008.

Af hálfu stefnanda eru skyldur hinna stefndu stjórnenda einkum rökstuddar með vísan til ákvæða 68. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga nr. 161/2002 um starfsemi fjármálafyrirtækja og starfsreglna stefnanda svo og almennra sjónarmiða um skyldur bankastjóra og bankaráðsmanna. Um þátt stefnda Jóns Þorsteins er einnig vísað til áhættureglna stefnanda til stuðnings sagnæmri og ólögmatrí háttsemi hans.

### *Málsástæður og lagarök aðila*

Við munnlegan flutning málsins sameinuðust stefndu Andri, Kjartan og Þorgeir um málsástæður fyrir kröfum sínum um frávísun málsins. Þessir stefndu reisa þannig kröfu sína um frávísun í fyrsta lagi á því að kröfugerð sé óákveðin og í ósamræmi við málsreifun stefnanda. Ekki sé ljóst hvort leggja beri fyrsta og annan hluta kröfugerðar saman, ekki síst þegar horft sé til orðalags þriðja hluta kröfugerðar. Þá sé gerð krafa um greiðslu í fleiri myntum. Í öðru lagi sé ekki rökstutt í stefnu að skilyrði séu fyrir hendi til þess að stefna öllum stefndu saman í einu máli, þ.e. að fyrir hendi séu skilyrði samaðildar eða samlagsaðildar, sbr. 18. og 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefndu leggja í þessu sambandi áherslu á að bótakrafa eigi ekki rót sína í sömu atvikum. Stefndu byggja á því í öllu falli að skilyrði framangreindra ákvæða fyrir samaðild eða samlagsaðild séu ekki fyrir hendi, sem leiði til frávísunar málsins. Í þriðja lagi er byggt á því að málartilbúnaður stefnanda sé verulega vanreifaður. Þannig sé stefna málsins úr hófi löng, samhengi skorti á milli dómkrafa og málsástæðna auk þess sem ördugt sé að átta sig á því hvaða rök eiga við gagnvart hverjum stefnda. Óljóst sé hver bótagrundvöllur sé vegna sérhvers hinna stefndu, svo sem hvort um sé að ræða ætlað athafnaleysi eða hvort skort hafi á samþykki bankaráðs. Þá benda stefndu á að stefnandi reifi með engum hætti hvernig skilyrðum samaðildar eða samlagsaðildar sé fullnægt í málinu. Í fjórða lagi er vísað til þess að stefnandi hafi höfðað riftunarmál gegn Landsvaka hf. vegna umræddra viðskipta með skuldabréf sjóða fyrirtækisins og þá hafi stefnandi einnig höfðað mál gegn PricewaterhouseCoopers ehf. í Reykjavík og PricewaterhouseCooper LLP í London. Í þessum málum séu gerðar skaðabótakröfur vegna sama tjóns og um ræði í málinu. Stefndu telja af þessum sökum óvíst hvaða tjóni stefnandi hafi orðið fyrir og beri að vísa málinu frá á grundvelli 1. mgr. 26. gr. laga nr. 91/1991. Jafnframt sé rétt að vísa málinu frá dómi á grundvelli 4. mgr. 94. gr. sömu laga. Án tillits til þessara atriða telja stefndu að tjón stefnanda sé vanreifað þar sem ekkert mat hafi farið fram á því hvert tjón stefnanda hefði orðið hefðu stefndu gripið til þeirra aðgerða sem stefnandi telur að stefndu hafi borið að grípa til. Þá sé ekkert tillit tekið til þátta sem hafa áhrif við mat á ætluðu tjóni, t.a.m. hverjar heimtur stefnanda verða vegna nauðasamninga í Straumi eða hver niðurstaða endurmats á eignum sem voru færðar úr stefnanda yfir í nýja Landsbankann verður. Að lokum er á því byggt að málshöfðunarfrestur samkvæmt b-lið 136. gr. laga nr. 30/1995 um hlutafélög sé liðinn.

Stefnandi mótmælir málartilbúnaði stefndu. Hann telur kröfugerð sína skýra, meðal annars þannig að leggja beri fjárhæðir í fyrsta og öðrum hluta kröfugerðar saman. Í þriðja hluta kröfu sé hins vegar krafist greiðslu á fjárhæð sem sé hluti þessarar heildarfjárhæðar eins og orðalagið „jafnframt“ vísi til samkvæmt almennri orðnotkun og skilgreiningum í orðabókum. Stefnandi vísar til þess að 18. gr. laga nr. 91/1991 eigi ekki við um málartilbúnað stefnanda en samlagsaðild stefndu byggji

á því að kröfur verði raktar til sömu atvika og/eða sömu aðstöðu, sbr. 19. gr. laganna. Stefnandi mótmælir sjónarmiðum um vanreifun og vísar til þess að stefndu haldi uppi ítarlegum vörnum í greinargerðum sínum. Þá eigi atvik málsins eftir að skýrast við gagnaöflun og aðalmeðferð. Stefnandi telur að viðhlítandi grein sé gerð fyrir þætti sérhvers hinna stefndu og samhengi krafna og málsástæðna liggja vel fyrir. Þá sé tjón reifað en jafnframt hafi stefnandi áskilið sér rétt til að afla mats dómkvaddra manna ef ástæða þygi til. Stefnandi mótmælir því að málsástæða vegna málshöfðunarfrests laga nr. 138/1994 um hlutafélög geti leitt til frávísunar málsins.

### *Niðurstaða*

Stefna í máli þessu er 46 blaðsíður á lengd og er lýsing málsatvika þar af rúmlega 26 blaðsíður. Þótt ekki sé unnt að útiloka að slík lengd stefnu geti samrýmt meginreglu réttarfars um munnlegan málflutning, þegar um er að ræða sérlega flókin og umfangsmikil mál, skortir á að hin ítarlega málsatvikalýsing í stefnu málsins sé sett í fullnægjandi samhengi við málsástæður og lagarök stefnanda þannig að fyllilega sé ljóst á hverjum atvikum málatilbúnaður hans grundvallast. Telur dómari að þetta hafi gert stefndu nokkuð erfiðara um vik en ella að hafa uppi varnir, leitt til þess að greinargerðir þeirra urðu lengri en efni stóðu til og þannig átt þátt í því að auka á umfang málsins úr hófi. Dómari telur allt að einu að stefndu hafi ekki getað dulist hvert sakarefnið málsins var og þannig verið kleift að hafa uppi efnisvarnir í málinu. Umræddur annmarki á málatilbúnaði stefnanda getur því ekki, einn og sér, leitt til frávísunar málsins, en getur hins vegar haft þýðingu við ákvörðun málskostnaðar við endanlega úrlausn þess, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

### A

Svo sem áður greinir hefur stefnandi uppi þá kröfu að stefndu Sigurjón, Halldór, Kjartan, Andri, Þorgeir og Svafa verði dæmd til að greiða stefnanda sameiginlega 14.116.395.373 krónur, 10.546.970 bandaríkjadali og 10.840.714 evrur ásamt nánar tilteknum vöxtum og dráttarvöxtum. Þá krefst stefnandi þess „að auki að stefndi Jón Þorsteinn Oddleifsson greiði stefnanda in solidum með stefndu Sigurjóni, Halldóri, Kjartani, Andra, Þorgeiri og Svöfu kr. 11.146.310.126“ ásamt nánar tilteknum vöxtum og dráttarvöxtum.

Að mati dómara verður fyrrgreind kröfugerð samkvæmt orðum sínum ekki skilin á aðra leið en þá að stefndu Sigurjón, Halldór, Kjartan, Andri, Þorgeir og Svafa séu í heild krafín sameiginlega um 14.116.395.373 krónur, auk framangreindra bandaríkjadala og evra, en þar af eigi stefndi Jón Þorsteinn að greiða 11.146.310.126 krónur með þessum stefndu. Af hálfu stefnanda hefur hins vegar verið áréttað við munnlegan flutning málsins að málatilbúnaður hans grundvallast á því að umrædd stefndu séu krafín um samtals 25.262.705.499 krónur, auk framangreindra bandaríkjadala og evra, og sé sá skilningur jafnframt í samræmi við reifun málsástæðna og nánari sundurliðun kröfunnar í stefnu.

Á það er fallist með stefnanda að af lestri stefnu megi álykta um heildarkröfu að fjárhæð 25.262.705.499 krónur, auk fyrrgreindra bandaríkjadala og evra, gegn

stefndu Sigurjóni, Halldóri, Kjartani, Andra, Þorgeiri og Svöfu. Sú fjárhæð kemur þó hvorki fram berum orðum í kröfugerð stefnanda né annars staðar í stefnu. Samkvæmt þessu byggist málatilbúnaður stefnanda í reynd á því að skilja beri kröfugerð hans andstætt því sem leiðir af orðanna hljóðan og þá til samræmis við það sem ráða má af efnisumfjöllun í stefnu.

Í ljósi fjárhæðar kröfunnar sem höfð er uppi gegn stefnda Jóni Þorsteini telur dómari einnig óútskýrt í málatilbúnaði stefnanda hvers vegna stefndi Jón Þorsteinn er í þriðja hluta kröfugerðar krafinn um greiðslu sameiginlega með stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. án aðgreiningar frá öðrum meðstefndu sem krafðir eru um mun hærri fjárhæð, svo sem áður greinir. Þótt stefndi Jón Þorsteinn hafi ekki krafist frávísunar málsins fyrir sitt leyti er óhjákvæmilegt að horfa til þess að grundvöllur kröfugerðar stefnanda er að þessu leyti óútskýrður.

Samkvæmt framangreindu er kröfugerð stefnanda óljós um ákveðin atriði. Á það verður þó fallist með stefnanda að annmarkar á kröfugerð hans lúti eingöngu að öðrum hluta kröfugerðar stefnanda, svo og aðild stefnda Jóns Þorsteins sem ekki hefur uppi kröfu um frávísun hvað hann snertir, og geti því aldrei leitt til frávísunar málsins í heild.

B

Svo sem áður greinir krefur stefnandi stefndu Sigurjón, Halldór, Kjartan, Andra, Þorgeir og Svöfu um skaðabætur vegna tiltekinna ráðstafana sem gerðar voru af hálfu stefnanda, þá Landsbanka Íslands hf., hinn 6. febrúar 2008, en stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. eru krafín um greiðslur á grundvelli váttryggingarsamnings. Til stuðnings tjóni sínu vísar stefnandi ýmist til endurgjalds sem hann hefur þegar fengið við sölu þeirra eigna sem hann fékk afhentar með umræddum ráðstöfunum, til væntanlegra endurheimtu krafna við gjaldþrotaskipti skuldara eða til verðmætis krafna við yfirfærslu þeirri til nýja Landsbankans hf. samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Þá vísar stefnandi til samkomulags við MP banka hf. um samkomulag um uppgjör þess láns sem bankanum var veitt og áður greinir.

Samkvæmt framangreindu byggir tjón stefnanda og fjárhæð stefnukrafna annaðhvort á tilteknum ráðstöfunum stefnanda sjálfs, á áætlunum hans eða á stjórnvaldsákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Í málinu er þannig hvergi að finna gögn um ætlað tjón stefnanda sem gætu orðið grundvöllur undir mat dómsins á tjóni hans. Við þetta bætist að fyrir liggur að stefnandi hefur höfðað mál til riftunar þeim kröfum sem keyptar voru af Landsvaka hf. 6. október 2008 og hefur lýst því yfir við munnlegan flutning málsins að eðlilegt sé að úrlausn um þann þátt málsins, sem lúti að þessum viðskiptum, bíði meðan leyst sé úr því máli, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991. Liggur þannig í reynd fyrir að tjón stefnanda vegna þessa hluta kröfu er ekki að fullu komið fram. Er málatilbúnaður stefnanda að þessu leyti ósamrýmanlegur grunnrökum 1. mgr. 26. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt framangreindu telur dómari að mjög skorti á að stefnandi hafi gert reka að því að fá tjón sitt staðreynt með þeim úrræðum sem honum eru tæk að lögum, svo sem öflun mats samkvæmt ákvæðum IX. kafla laga nr. 91/1991. Er tjón stefnanda því vanreifað og grundvöllur fjárhæðar kröfugerðar hans í reynd getgátur. Lúta þessir annmarkar að málinu í heild og eru þeir svo verulegir að ekki verður úr þeim bætt á síðari stigum. Er því skylt að vísa málinu í heild frá dómi.

Með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 ber að úrskurða stefnanda til að greiða stefndu málskostnað í samræmi við kröfu þeirra þar að lútandi. Málskostnaður til stefnda Andra, Kjartans og Þorgeirs, þykir hæfilega ákveðinn tvær milljónir króna til hvers um sig. Málskostnaður til Brit Insurance Ltd. o.fl. þykir hæfilega ákveðinn 100.000 krónur til hvers og eins eða samtals 2.500.000 krónur. Er þá litið til sambands þessa aðila og sameiginlegs fyrirsvars þeirra fyrir dómi. Málskostnaður til annarra stefndu þykir hæfilega ákveðinn 1.750.000 krónur. Hefur þá í öllum tilvikum verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnda Þorgeirs flutti málið Ólafur Vignisson hdl.

Af hálfu stefnda Andra flutti málið Reimar Pétursson hrl.

Af hálfu stefnda Kjartans flutti málið Karl Axelsson hrl.

Af hálfu stefnanda flutti málið Jóhannes Sigurðsson hrl.

Aðrir stefndu létu ekki málið til sín taka við flutning þess um frávísun að öðru leyti en því að lögmaður stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl., Viðar Lúðvíksson hrl., áréttaði kröfu þessara stefndu um málskostnað.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

### **Úrskurðarorð**

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, LBI hf., greiði stefndu, Andra Sveinssyni, Kjartani Gunnarssyni og Þorgeiri Baldurssyni, 2.000.000 krónur í málskostnað, en stefndu, Sigurjóni Þ. Árnasyni, Halldóri J. Kristjánssyni, Svöfu Grönfeldd og Jóni Þorsteini Oddleifssyni, 1.750.000 krónur í málskostnað. Stefnandi greiði eftirtöldum stefndu hverjum um sig 100.000 krónur í málskostnað: Brit Insurance Ltd., Liberty Mutual Insurance Europe Ltd., International Insurance Ltd., Allianz Global Corporate & Specialty AG, QBE Corporate Ltd., Alterra Corporate Capital 2 Ltd., Alterra Corporate Capital 3 Ltd., Kelvin Underwriting Ltd., Nameco (No 11) Ltd., Nameco (No 231) Ltd., Novae Corporate Underwriting Ltd., SCOR Underwriting Ltd., Sorbietrees Underwriting Ltd., Brian John Tutin, Bridget Anne Carey-Morgan, Carol Jean Harris, David John De Marle Coulthard, Eileen Elsie Hunter, Gary Frederick Sullivan, Ian Richard Posgate, Joseph Elmaleh, John Leon Gilbert, Julian Michael West, Richard Michael Hodgson Read og Norman Thomas Rea.

Skúli Magnússon